# GJALDSKRÁ

**Geislavarna ríkisins.**

1. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna lögbundins eftirlits með geislatækjum og geislavirkum efnum í samræmi við 5. og 17. gr. laga um geislavarnir, nr. 44/2002. Gjaldið skal vera sem hér segir:

| | | | kr. |
|---|---|---|---|
| 1. | *Röntgentæki* | | |
| | a) | Röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka | 100.500 |
| | | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni | 36.000 |
| | b) | Röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skyggning | 129.500 |
| | | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni | 47.500 |
| | c) | Tölvusneiðmyndatæki og O-bogar | 172.500 |
| | | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni | 100.500 |
| | d) | Tannröntgentæki | 50.000 |
| | | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni | 21.500 |
| | e) | Tölvusneiðmyndatæki við tannlækningar | 134.000 |
| | f) | Iðnaðarröntgentæki (opin aðstaða) | 84.500 |
| | | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni | 43.000 |
| | g) | Dýralækningaröntgentæki | 78.000 |
| | | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni | 25.000 |
| | h) | Skermuð öryggisröntgentæki | 57.000 |
| | | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni: | |
| | | fimm eða færri tæki | 25.000 |
| | | fyrir hvert tæki umfram fimm | 18.000 |
| | i) | Skermuð röntgentæki til efnarannsókna og gæðaeftirlits með iðnaði | 50.000 |
| | | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og með sama ábyrgðarmann | 18.000 |
| 2. | *Geislalækningatæki, línuhraðlar og hringhraðlar* | | 131.000 |
| | Fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild | | 44.500 |
| 3. | *Geislavirk efni, opnar geislalindir* | | |
| | a) | Rannsóknastofa í flokki A eða sambærileg starfsemi | 144.500 |
| | b) | Rannsóknastofa í flokki B eða sambærileg starfsemi | 98.500 |
| | c) | Rannsóknastofa í flokki C eða sambærileg starfsemi | 62.500 |
| 4. | *Geislavirk efni, lokaðar geislalindir* | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| a) | Nifteindalindir eða hágeislavirkar lindir (sbr. viðauka 1 í reglugerð nr. 1298/2015 og ráðleggingar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar) | | 77.500 |
| | i) | fyrir hverja nifteindalind/hágeislavirka lind til viðbótar hjá sama aðila | 31.500 |
| b) | Kvörðunarlindir, allt að tíu á sama vinnustað og sem tilheyra sama ábyrgðarmanni | | 73.000 |
| | i) | fyrir hverja kvörðunarlind umfram tíu lindir | 7.000 |
| c) | Aðrar lokaðar geislalindir | | 73.000 |
| | fyrir hverja eins lind til viðbótar: | | |
| | i) | fimm eða færri til viðbótar á sama stað með sama ábyrgðarmann | 21.500 |
| | ii) | fyrir hverja lind umfram fimm á sama stað með sama ábyrgðarmann | 18.000 |

5. *Eftirlit með geislaálagi starfsfólks*

| | | |
|---|---|---|
| a) | Almennar geislaálagsmælingar (TLD) fyrir hvert mælitímabil | 4.000 |
| b) | Sérhæfðar geislaálagsmælingar, nifteindageislun, fyrir hvert mælitímabil | 12.500 |
| c) | Aðrar sérhæfðar geislaálagsmælingar | 8.000 |
| d) | Viðbótargjald fyrir hvern geislaálagsmæli sem týnist eða skemmist | 11.000 |

Heimilt er að lækka eftirlitsgjald um 50% þegar ekki þarf að fara á staðinn heldur nægir að fara yfir gögn og mælingar. Það á við um staði þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við síðasta eftirlit og starfsemin er óbreytt.

2. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7. og 9. gr. laga um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

1. *Vegna geislatækja í læknisfræði* kr.

| | | |
|---|---|---|
| a) | Tannröntgentæki | 16.500 |
| b) | Röntgentæki til dýralækninga | 25.000 |
| c) | Röntgentæki til sjúkdómsgreininga | 25.000 |
| d) | Geislalækningatæki og línuhraðlar | 41.500 |

2. *Vegna geislatækja í iðnaði og við öryggisgæslu*

| | | |
|---|---|---|
| a) | Skermuð röntgentæki | 16.500 |
| b) | Háorkuröntgentæki | 25.000 |

3. *Vegna lokaðra geislalinda*

| | | |
|---|---|---|
| a) | Innflutningur og/eða geymsla | 25.000 |
| b) | Notkun annarra geislalinda en í c-lið | 25.000 |
| c) | Notkun nifteindalinda eða hágeislavirkra linda (sbr. viðauka 1 í reglugerð nr. 1298/2015 og ráðleggingar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar) | 42.000 |

4. *Vegna opinna geislalinda*

| | | |
|---|---|---|
| a) | Rannsóknastofa í flokki C eða sambærileg starfsemi | 25.000 |
| b) | Rannsóknastofa í flokki B eða sambærileg starfsemi | 33.000 |
| c) | Rannsóknastofa í flokki A eða sambærileg starfsemi | 41.500 |
| d) | Framleiðsla geislavirkra efna | 333.500 |
| e) | Innflutningur og/eða geymsla | 25.000 |

5. Mat á skermun, nýr staður eða breytingar 25.000

6. *Vegna endurútgáfu leyfa* (nýr ábyrgðarmaður eða kennitala leyfishafa)

| | | |
|---|---|---|
| a) | Fyrir allt að þrjú tæki/lindir | 16.500 |
| b) | Fyrir hvert tæki til viðbótar | 4.000 |

7. *Vegna notkunar leysa og leysibenda*

| | | |
|---|---|---|
| a) | Tónleikar og ýmsar sýningar, einn viðburður, almenn afgreiðsla | 35.000 |
| b) | Tónleikar og ýmsar sýningar, hraðafgreiðsla (innan fjögurra virkra daga) | 70.500 |
| c) | Tónleikar og ýmsar sýningar, fleiri en einn viðburður, almenn afgreiðsla | 70.500 |
| d) | Önnur notkun | 16.500 |

8. Geislavarnir ríkisins innheimta gjald sem nemur 22.500 kr./klst. vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7. og 9. gr. laga um geislavarnir vegna annars en þess sem talið er upp hér að ofan.

3. gr.

Geislavarnir ríkisins annast innheimtu leyfis- og eftirlitsgjalda. Leyfis- og eftirlitsgjöld falla í gjalddaga við útgáfu reiknings með eindaga 30 dögum síðar.

4. gr.

Vegna endurtekinnar eftirfylgni eftirlits vegna þess að ekki er orðið við kröfum um úrbætur innan tiltekins tíma skal innheimt gjald skv. 5. gr. Þurfi Geislavarnir ríkisins að endurtaka eftirlit vegna þess að ekki hefur verið orðið við kröfum um úrbætur sem gerðar voru við reglubundið eftirlit þrátt fyrir endurtekna eftirfylgni skal greiða fyrir það líkt og um reglubundið eftirlit væri að ræða.

Eigandi eða ábyrgðarmaður getur óskað eftir aukaeftirliti og skal þá greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

5. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald á hverja klukkustund fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum:

| | | kr. |
|---|---|---|
| a) | Sérfræðingur | 26.000 |
| b) | Fulltrúi | 19.500 |

6. gr.

Eftirlits- og leyfisgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í tvö ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Fyrir ýmsar mælingar sem Geislavarnir ríkisins framkvæma skal stofnunin innheimta gjald, að fjárhæð:

| | | kr. |
|---|---|---|
| a) | Geislun eða geislavirkni | 41.500 |
| b) | Rafsegulsvið, útfjólublá geislun og geislun frá leysum, fyrir allt að átta mælingar á sama stað | 83.500 |
| c) | Leysibendar, allt að fjórar mælingar | 16.500 |
| d) | Leysibendar, hver mæling umfram fjórar mælingar | 4.000 |
| e) | Stroksýni, sem ekki er hluti af eftirliti, ef farið er á staðinn | 52.000 |
| f) | Stroksýni, sem ekki er hluti af eftirliti, ekki farið á staðinn | 26.000 |
| g) | Fyrir hvert auka stroksýni | 6.000 |

Fyrir hverja yfirlýsingu um geislavirkni sem stofnunin lætur í té skal innheimta 6.500 kr.

Ef mælingar á rafsegulsviði eru í vinnuumhverfi, þ.e. á svæði þar sem starfsfólk getur verið að störfum, skal stofnunin meta umfang hverrar mælingar fyrir sig og innheimta tímagjald fyrir veitta þjónustu skv. 5. gr.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 19. og 21. gr. laga um geislavarnir, nr. 44/2002, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Geislavarna ríkisins nr. 1576/2024.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 29. desember 2025.*

**Alma D. Möller.**

*Sigurður Kári Árnason.*